

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Vestmannaeyjabær
Tangagötu 1
900 Vestmannaeyjar

Reykjavík 14. ágúst 2017
UST201705-207/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag. Tillaga að aðalskipulagi Vestamannaeyja 2015 – 2035.
Vinnslustig

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Vestmannaeyja er barst 23. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að aðalskipulagi Vestmannaeyja sem er á vinnslustigi.

Greinargerð

Í upphafi greinargerðar koma fram þær breytingar sem áætlaðar eru samkvæmt tillöggunni. Einnig kemur þar fram að niðurstaða umhverfisskýrslu er sú að áætlanir um hafnarsvæði fyrir stórskipahöfn og viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip, afþreyingarsvæði með sýningarsvæði í kvíum í Klettsvík og áætlanir um ný íbúðarsvæði og nýtt þróunarsvæði fyrir miðbæ munu hafa neikvæð áhrif á náttúruminjar og landslag.

Náttúruminjar

Í Vestmannaeyjum er Surtsey friðlýst svæði, en alls eru þar fimm svæði á náttúruminjaskrá, og er hafa flest þeirra hátt verndargildi vegna mikilla og sérstæðra sjófuglabyggða. Svæðin eru eftirfarandi: Svæði nr. 721. *Elliðaey, Vestmannaeyjum.* (1) *Eyjan öll.* (2) *Mjög miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.* Svæði nr. 722. *Ystiklettur, Vestmannaeyjum.* (1) *Ytri hluti Norðurkletta utan línu sem hugsast dregin norður úr botni Klettsvikur.* (2) *Miklar og sérstæðar fuglabyggðir.* Svæði nr. 724. *Hellisey, Vestmannaeyjum.* (1) *Eyjan öll.* (2) *Mjög falleg eyja, mikið um bjargfugl.* Og svæði nr. 725. *Súlnasker, Vestmannaeyjum.* (1) *Eyjan öll.* (2) *Um 70 m há klettaeyja.* Mikið um bjargfugl, bæði utan í og ofan á eynni. Einnig er eftirfarandi svæði á náttúruminjaskrá en verndargildi þess felst í stórfenglegu landslagi. Svæði nr. 723. *Helgafell og Eldfell, Vestmannaeyjum.* (1) *Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans.* *Norðurmörk* liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) *Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og*

mótun lands. Ljóst er að skv. umhverfisskýrslu ofangreindrar tillögu munu áætlanir hafa áhrif á svæði á náttúruminjaskrá og bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að forðast að raska svæðin ef þess er nokkur kostur.

Fráveita

Í greinargerð kemur fram að unnin hefur verið framkvæmdaáætlanir um uppbyggingu frárennsliskerfis í Vestmannaeyjum. Einnig kemur fram að áætlanirnar var kynnt árið 2001 og að unnið hefur verið eftir þeim síðan. Að mati Umhverfisstofnunar kemur ekki nægilega skýrt fram hve mikið af áætlununum hefur þegar verið framkvæmdar og hverjar ekki. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að listi yfir þær fráveituframkvæmdir sem fara á í á skipulagstímabilinu sé í skipulagstillöggunni og að áætlaðar framkvæmdir séu tímasettar. Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um sorpkvarnir.

Umhverfisskýrsla

Í umfjöllun um hafnarsvæði kemur fram að í tillögunni felst áætlun um stórskipahöfn og viðlegukant fyrir skemmtiferðaskip. Einnig kemur fram í umfjöllun um umhverfisáhrif áætlunarinnar um stórskipahöfn og viðlegukant að áhrifin myndu verða verulega neikvæð á svæði í friðlýsingarferli og svæði á náttúruminjaskrá. Einnig kemur fram að áætlunin um stórskipahöfn er ekki á Samgönguáætlun 2015 – 2026.

Hafnarsvæði fyrir stórskipahöfn /viðlegukantur fyrir skemmtiferðaskip

Í umfjöllun um áætlun um stórskipahöfn eru þrír kostir skoðaðir sem möguleg staðsetning: Vestan við Eiðið, við Skansinn og við Lönguna. Einnig kemur fram að Heimaklettur, Háin og nálæg fjöll og klettar eru í friðlýsingarferli vegna verndunar búsvæða fugla. Í þeirri friðlýsingu er gert ráð fyrir að Heimaklettur verði friðaður og öll mannvirkjagerð bönnuð. Breyting á skipulaginu getur haft þau áhrif að gengið er á svæði sem er í friðlýsingarferli vegna verndunar búsvæðis fugla.

Þar sem þau svæði, sem eru í friðlýsingarferli, eru mikilvæg búsvæði fugla sem áhugi er á að vernda, bendir Umhverfisstofnun á nauðsyn þess að ætíð skal haft í huga að tryggt sé að áform um uppbyggingu rýri sem minnst viðkomandi búsvæði.

Varðandi þá þrjá kosti sem kynntir eru í tillögunni sem eru Eiðið, Langan og Skansinn.

Einn kostur er athafnasvæði og brimvarnargarður með viðlegukanti vestan við Eiðið, ásamt veggengingu með ströndinni að varnargardí. Eins og fram kemur í umhverfisskýrslu hefur áætlun um uppbyggingu við Eiðið þau áhrif að gengið er á svæði sem er í friðlýsingarferli vegna verndunar búsvæða fugla. Einnig kemur fram að aðgengi að gönguleið á Heimaklett getur orðið fyrir áhrifum og sjónræn áhrif og upplifun á svæðinu mun breytast þannig að manngert umhverfi verður meira áberandi, sérstaklega frá hafi. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að þau áhrif verði skoðuð vel, og mikilvægt er að þegar sveitarfélagið leggur áherslu á fleiri ferðamenn, að framkvæmdirnar rýri ekki þær náttúruminjar sem eru aðráttarafl fyrir væntanlega gesti.

Annar kostur sem kynntur er, er viðlegukantur í Skansfjöru og sjóvarnargarður út frá Eldfellshrauni austan við Klettsnef. Í umhverfisskýrslu kemur fram að það yrðu neikvæð

sjónræn áhrif af viðlegukanti í Skansfjöru og tengdum framkvæmdum. Einnig yrði rask í náttúruríku umhverfi við eldhraun

Priðji kosturinn gerir ráð fyrir viðlegukanti við Lönguna og mögulega brimvarnargarði út frá Eldfellshrauni, austan við Klettsnef. Í umhverfisskýrslu kemur fram að ofangreind áætlun myndi ganga á þau svæði sem eru í friðlýsingarferli sem búsvæði fugla, s.s. Heimaklett, Háina og nálæg fjöll, og að um yrði að ræða sjónræn áhrif og rask vegna nýrra mannvirkja í náttúruríku umhverfi við Heimaklett.

Samkvæmt töflu á bls. 18 í umhverfisskýrslu eru áhrif af framkvæmdum mest ef framkvæmt yrði í Skansfjöru, en minnst yrðu áhrif af framkvæmdum við Lönguna. Samkvæmt umhverfisskýrslu stefnir sveitarfélagið að framkvæmdum við Eiðið og skv. skýrslunni eru áhrif á náttúru og landslag: Veruleg neikvæð áhrif á svæði í friðlýsingarferli við Eiðið. Möguleg neikvæð áhrif á eldhraun sem njóta verndar við Skansfjöru, sjónræn áhrif í náttúruríku umhverfi og áhrif á efnistöku og neikvæð sjónræn áhrif. Að mati Umhverfisstofnunar þarf að bera saman neikvæð áhrif og ávinning af ofangreindum framkvæmdum.

Umhverfisstofnun bendir á að þrátt fyrir að áætluð stórskipahöfn er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á loftgæði og gæði sem er undirstaða ferðaþjónustu vegna aukins fjölda gesta ef af framkvæmdum verður og að áhrif á náttúru séu líkleg til að vera neikvæð vegna áhrifa á svæði í friðlýsingarferli eða eru á náttúrumínjaskrá, þá gerir tillagan ráð fyrir nýrr höfn. Að mati Umhverfisstofnunar setur það mikla ábyrgð á sveitarfélagið að standa vel að áætluðum framkvæmdum. Ofangreind stórskipahöfn mun matsskyld, og telur Umhverfisstofnun að í matsferlinu verði nánar fjallað um umhverfisáhrif væntanlegrar framkvæmdar og mögulegar mótvægiságerðir.

Umhverfisstofnun tekur undir það, að huga þarf að því að varðveita þau gæði sem eru undirstaða ferðaþjónustu, og Umhverfisstofnun ítrekar mikilvægi þess að umhverfisáhrif verði skoðuð vel, og bendir á að þegar sveitarfélagið leggur áherslu á fleiri ferðamenn, að framkvæmdirnar rýri ekki þær náttúrumínjar sem eru aðdráttarafl fyrir væntanlega gesti.

Afþreyingarsvæði með sýningarsvæði í kvíum.

Í umhverfisskýrslu kemur fram að stefnt er að afmörkun á svæði fyrir afþreyingu og ferðamannasvæði í Klettsvík með skilmálum um sýningarsvæði á sjávardýrum í kvíum og mannvirkjum í fjöru, s.s. lítilli bryggju, salernum, gönguleiðum o.fl. Einnig kemur fram að lítið röskuð fjaran verði tekin undir mannvirki og einnig kemur fram að Ystiklettur og fjara Klettsvíkur eru í friðlýsingarferli vegna verndunar búsvæðis fugla. Umhverfisstofnun bendir á að svæðið er á svæði á náttúrumínjaskrá. Stofnunin bendir einnig á að ekki eru settir fram kostir til samanburðar þegar fjallað er um afþreyingarsvæðið. Ef ekki er um önnur hæfileg svæði að ræða til samanburðar ætti það að koma fram í umhverfiskýrslunni. Niðurstaða mats er að áætlaðar framkvæmdir komi til með að hafa verulega neikvæð áhrif á náttúru og landslag, vegna neikvæðra áhrifa á svæði í friðlýsingaferli og áhrif á ásýnd. Einnig kemur fram í umhverfisskýrslu að til að lágmarka áhrif á fjöruna í Klettsvík verði settir skilmálar um að öll mannvirki í Klettsvík verði afturkræf. Umhverfisstofnun tekur undir það, en minnir einnig á skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „*I þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða*

á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.“

Umhverfisstofnun bendir á að ekki kemur fram hvaða sjávardýr á að halda í áætluðum kvíum. Stofnunin bendir á að líklega kemur starfsemin til að vera starfsleyfisskyld.

Að mati Umhverfisstofnunar er Klettsvík einstæð náttúrusmíð og vegna lítils strandsvæðis þá henti svæðið ekki til áætlaðra framkvæmda. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að friðlysa svæðið og halda því sem mest ósnortnu og áætla það fyrir gesti sem koma í stuttar ferðir til að skoða náttúruna eins og hún er ósnortin.

Stækkun iðnaðarsvæðis fyrir sorpvinnslu

Í umhverfisskýrslu kemur fram að með því að stækka útiathafnasvæði til austurs muni líklega verða neikvæð áhrif á náttúru og landslag þegar manngert svæði gengur yfir náttúruríkt svæði. Einnig kemur fram að hraunhraukar séu nýttir til að draga úr sjónrænum áhrifum. Umhverfisstofnun minnir á skv. 61. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013 njóta eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sérstakrar verndar og skal forðast að raska slikejar jarðminjar nema brýna nauðsyn beri til. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt ef stækka þarf sorpvinnslusvæðið til austurs að sérstæðum jarðminjum verði ekki raskað, heldur verði þær nýttar á sama hátt og hraunhraukar eru nýttir í dag til að draga úr sjónrænum áhrifum af starfseminnar.

Athafnasvæði fyrir atvinnustarfsemi

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um væntanlegt athafnasvæði og gerir ekki athugasemd við niðurstöðuna.

Stefna um ný íbúðarsvæði

Umhverfisstofnun tekur undir stefnu um að almennt verði íbúðum fjölgæð innan núverandi byggðar með þéttingu.

Umhverfisstofnun bendir á að í umhverfisskýrslu kemur fram að í dag eru heimildir fyrir um 323 íbúðir af ýmsum stærðum. Einnig kemur fram að þörf fyrir nýjar íbúðir fram til ársins 2035 þ.e. á skipulagstímabilinu sé 340 íbúðir. Umhverfisstofnun bendir á að með þéttingu fást þær lóðir sem uppá vantar skv. umfjöllun í Umhverfisskýrslu. Að mati stofnunarinnar er ekki þörf á því að gera ráð fyrir þróunarsvæði M-2 sem gerir ráð fyrir skipulagi á nýju hrauni. Að mati Umhverfisstofnunar er ekki þörf fyrir í tillöggunni að gera ráð fyrir svæði sem mun byggjast upp eftir það tímabil er tillagan nær til. Auk þess bendir stofnunin á að nýtt hraun nýtur sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Svæði fyrir stjörnuskoðun

Í umhverfisskýrslu kemur fram að óskað hefur verið eftir svæði fyrir aðstöðu fyrir stjörnuskoðun austan við Eldfell. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við umfjöllunina en telur mikilvægt að eingöngu verði leyfðar framkvæmdir vegna aðstöðu til stjörnuskoðunar.

Efnistaka

Í umfjöllun um áætlaðar framkvæmdir við stórskipahöfn kemur fram að jarðefni eru takmörkuð auðlind í Eyjum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ef til kemur þá verði námur með framkvæmdaleyfi nýttar og bendir stofnunin á vefinn námur.is til upplýsinga.

Virðingarfallst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur